

Skilyrði vegna hrefnuveiða

Kröfur varðandi hreinlæti og meðferð afurða í leyfi sjávarútvegsráðuneytisins fyrir báta vegna hrefnuveiða í vísindaskyni 2003

- Fullnægjandi hreinlæti skal viðhaft við skurð á hrefnunni og alla meðferð á afurðum hennar.
- Skylt er að halda afurðum af hverri hrefnu aðskildum frá afurðum annarra hrefna. Kör þau sem afurðunum er landað í skal innsigla með tveimur límmiðum frá embætti yfirdýralæknis sem á stendur rekjanleikanúmer dýrsins.
- Upplýsingar með skráningum vegna heilbrigðisskoðunar skulu fylgja afurðunum í kjötvinnslu.
- Allar afurðir skal kæla um borð í skipi, tryggja skal að kælikeðja rofni ekki og að afurðirnar séu fluttar með kælibíl í vinnslustöð.
- Eigi skal líða lengri tími en 5 sólarhringar frá því hrefna er veidd þar til afurðum er landað, en mest 10 sólarhringar séu afurðir geymdar í kældri lest.
- Allar afurðir skulu fara í sömu vinnslustöð þar sem þær verða heilbrigðisskoðar af dýralækni áður vinnsla hefst.
- Sýni til aðskotaefnamælinga skulu tekin af hverri hrefnu og rengi ekki dreift fyrr en niðurstöður úr mælingum liggja fyrir.
- Skylt er að fylgja fyrirmælum embættis yfirdýralæknis um skurð, meðferð og vinnslu á afurðunum.